

Móðurmál



samtök um tvítyngi
Association on Bilingualism

**ENVIRONMENTAL DICTIONARY OF MÓÐURMÁL - THE ASSOCIATION ON BILINGUALISM
COLLABORATION PROJECT OF TWELVE MOTHER TONGUE GROUPS 2016/2017**

**UMHVERFISORÐABÓK MÓÐURMÁLS - SAMTAKA UM TVÍTYNGI
SAMSTARFSVERKEFNI TÓLF MÓÐURMÁLSHÓPA 2016/2017**


The project was supported by the Human Rights Office of Reykjavík.

Verkefni er styrkt af Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.

DESIGN/HÖNNUN: MARIA SASTRE, AURORA ERIKA LUCIANO

© Móðurmál - samtök um tvítyngi 2017.

AÐRIR ORKUGJAFAR



Orkugjafar sem byggja ekki jarðefnaeldsneyti eru einnig oft kallaðir umhverfisvænir orkugjafar, því mikil brennsla slíks eldsneytis er talin eiga mikinn þátt í aukinni hnattrænni hlýnun af mannavöldum. Skiptar skoðanir ríkja um hvað teljist til umhverfisvænna orkugjafa, þó er oftast átt við orku sem er virkjuð úr endurnýjanlegu afli. Dæmi um slíka orkugjafa getur verið vatnsorka, sjóorka, vindorka, raforka eða sólarorka.

الطاقة البديلة

Arabíska

Energia alternatywna

Pólska

Energia alternativa

Ítalska

Источник энергии

Rússneska

Energía alternativa

Spænska

Джерело енергії

Úkraínska

Energia alternativa

Portúgalska

Alternatibong Enerhiya

Filippseyska

Alternatyvi energija

Lithaíska

Alternatīvā enerģija

Lettneska

代替エネルギー

Japanska

Alternativní energie

Tékkneska

LÍFBRJÓTANLEIKI



Lífbrjótanlegur úrgangur brotnar niður í náttúruleg efni á skaðlausan hátt t.d. með aðstoð örvera. Dæmi um slíkan úrgang er úrgangur og leifar manna og dýra, auk matar- og plöntuúrgangs. Slíkt má flokka í lífræna tunnu. Sem dæmi um úrgang sem er ekki lífbrjótanlegur má nefna gler, málma, plast og fleira.

قابلية التحلل

Arabíska

Biodegradowalne

Pólska

Biodegradabile

Ítalska

Биоразлагаемые

Rússneska

Biodegradable

Spænska

Біорозкладані

Úkraínska

Biodegradável

Portúgalska

Nabubulok

Filippseyska

Микроорганизму skaidomas

Lithaíska

Tāds, kas bioloģiski sadalās

Lettneska

生物解性

Japanska

Biologicky rozložitelný

Tékkneska

LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI



Líffræðilegur fjölbreytileiki er sá breytileiki lífvera sem gerir hverja tegund einstaka. Fjölbreytileikinn er mjög mikilvægur, stöðugleiki hans er gjarnan notaður til að mæla heilbrigði vistkerfa og án líffræðilegs fjölbreytileika gætu vistkerfin ekki starfað eðlilega. Með miklum fjölbreytileika eru vistkerfi betur undirbúin fyrir breytingar. Flest sem ógnar líffræðilegum fjölbreytileika er af mannavöldum, t.d. ofnýting landsvæða, eyðsla búsvæða og innflutningur ágengra dýrategunda.

التنوع البيولوجي

Arabíska

bioróżnorodność

Pólska

Biodiversità

Ítalska

Биоразнообразие

Rússneska

Biodiversidad

Spænska

Біорізноманіття

Úkraínska

Biodiversidade

Portúgalska

Saribuhay

Filippseyska

Bioginē jvairovė

Lithaíska

Bioloģiskā daudzveidība

Lettneska

生物多样性

Japanska

biodiverzita

Tékkneska

KOLEFNISFÓTSPOR



Til að skilja hugtakið „kolefnisfótspor“ er best að skipta orðinu í tvennt: kolefni og fótspor. Kolefni stendur fyrir allar lofttegundirnar sem valda hnattrænni hlýnun með gróðurhúsaáhrifum. Rétt eins og þú skilur eftir þig venjuleg fótspor, skilur þú eftir þig kolefnisfótspor í hvert skipti sem atferli þitt hefur áhrif á losun þessara lofttegunda. Allir geta skilið eftir sig kolefnisfótspor: bæði fyrirtæki og einstaklingar, yfirleitt án þess að gera sér grein fyrir því.

أثر الكربون

Arabíska

ślad węglowy

Pólska

Carbon footprint

Ítalska

Углеродное насыщение

Rússneska

Huella de carbono

Spænska

Вуглеводне насичення

Ukrainian

Pegada de carbono

Portúgalska

Carbon footprint

Filippseyska

Anglies pēdsakas

Lithaíska

Oglekļa pēdas nospiedums

Lettneska

カーボンフットプリント

Japanska

uhlíková stopa

Tékkneska

VARÐVEISLA NÁTTÚRUNNAR



**conserving
nature**

Til að koma í veg fyrir niðurrif náttúrunnar er mikilvægt að kunna að meðhöndla hana á réttan hátt. Þegar talað er um varðveislu náttúrunnar er markmiðið að fræða fólk um hvernig hægt er að nýta sér það sem náttúran hefur upp á að bjóða á skynsamlegan og sjálfbæran hátt. Með þessu móti er bæði réttur náttúrunnar tryggður sem og réttur komandi kynslóða til að nýta sér hana.

صيانة

Arabíska

konserwacja

Pólska

Conservazione

Ítalska

Консерванты

Rússneska

Conservación

Spænska

Консерванты

Úkraínska

Conservação

Portúgalska

Pangangalaga

Filippseyska

Konservacija

Lithaíska

Saglabāšana

Lettneska

保全

Japanska

Konzervace/zachování

Tékkneska

EYÐING SKÓGA



Skógum hefur aðallega verið eytt til að rýma fyrir landbúnaði eða byggingaframkvæmdum. Vegna þess hve skógarnir eru mikilvægir fyrir okkur hefur umfangsmikil eyðing þeirra alvarlegar afleiðingar í för með sér. Mikilvægi skóga felst m.a. í því að stór hluti súrefnisins í andrúmsloftinu verður þar til og þeir viðhalda stöðugleika í veðurfari og jarðvegum. Skógar hafa einnig gífurlega efnahagslega þýðingu. Þau lönd sem hafa ekki skóga þurfa að flytja inn allar skógarafurðir, t.d. pappír og byggingartimbur.

إزالة الغابات

Arabíska

wylesianie

Pólska

Deforestazione

Ítalska

Вирьбька лeca

Russneska

Desforestación

Spænska

Вирьбька лicib

Úkraínska

Desflorestação

Portúgalska

Pangangalbo ng kagubatan

Filippseyska

Miškų kirtimas

Lithaíska

Atmežošana

Lettneska

森林破壊

Japanska

odlesnění

Tékkneska

VISTFRÆÐI



Vistfræði er fræðigrein innan líffræðinnar sem fjallar um dreifingu, fjölda og atferli lífvera og samskipta þeirra við umhverfið sitt. Viðfangsefnunum er gjarnan skipt upp í vistkerfi, t.d. getur Atlantshafið eða lífríkið umhverfis Þingvallavatn verið sérstakt vistkerfi, en það er líka stundum talað um að jörðin í heild sé eitt stórt vistkerfi.

علم البيئة

Arabíska

Ekologia

Pólska

Ecologia

Ítalska

Экология

Russneska

Ecología

Spænska

Екологія

Úkraínska

Ecologia

Portúgalska

Araling Pangkapaligiran

Filippseyska

Ekologija

Lithaíska

Ekoloģija

Lettneska

生態学

Japanska

Ekologie

Tékkneska

TEGUNDIR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU



Þegar talað er um tegund í útrýmingarhættu er átt við hóp lífvera sem á í hættu á að deyja algerlega út og hverfa af yfirborði jarðar. Það sem veldur því eru aðallega breytingar á búsvæðum eða fækkun tegundarinnar t.d. vegna ofveiði. Grundvallaratriði þess að koma í veg fyrir að tegundir lífvera lendi í útrýmingarhættu er viðhald líffræðilegs fjölbreytileika. Það eru margar þúsundir lífvera í hættu í heiminum öllum, þ.a.m. órangútanar, tígrisdýr, nashyrningar, fílar og margar tegundir skjaldbaka.

الأصناف المهددة بالانقراض

Arabíska

zagrozone gatunki

Pólska

Specie a rischio

Ítalska

Виміраючі види

Russneska

Especies en peligro de extinción

Spænska

Виміраючі види

Úkraínska

Espécies em perigo de extinção

Portúgalska

Nanganganib na maubos

Filippseyska

Nykstančios rūšys

Litháíska

Apdraudētās sugas

Lettneska

絶滅危惧種

Japanska

ohrožené druhy

Tékkneska

UMHVERFIÐ



Umhverfið er allt sem er umhverfis okkur. Í þessu samhengi sláum við orðunum umhverfi og náttúra saman. Þá er umhverfið í fyrsta lagi flókið samstarf eðlisfræðilegra, efnafræðilegra og líffræðilegra þátta sem drífa áfram lífveru eða vistkerfi og segja til um gerð þess eða afkomumöguleika, og í öðru lagi afurðin sem hefur orðið til af sköpunarstarfi mannsins þegar leitast er eftir því að breyta náttúrulegum aðstæðum til að laga þær að þörfum og óskum mannsins.

البيئة

Arabíska

Środowisko

Pólska

Ambiente

Ítalska /

Система локализации пищи

Rússneska

Medio ambiente

Spænska

Локалізація їжі

Úkraínska

Ambiente

Portúgalska

Kapaligiran

Filippseyska

Aplinka

Lithaíska

Vide

Lettneska

環境

Japanska

životní prostředí

Tékkneska

HNATTRÆN HLÝNUN

Hnattræn hlýnun er sú hlýnun sem hefur orðið á meðalhita jarðarinnar. Frá iðnbyltingunni hefur hlýnunin verið gríðarleg, og er það aðallega talið stafa af mikilli aukningu gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Með auknum iðnaði, verksmiðjum, vélum, bílum o.fl. hefur bruni á bensíni, olíum og kolum ýtt verulega undir þessa þróun. Afleiðingarnar má meðal annars sjá í breyttu dýralífi, hækkun sjávaryfirborðs, bráðnun jökla, þurrkum á vissum stöðum og aukinni eða breyttri úrkomu (rigningu) á öðrum. Þetta er áhyggjuefni því ákveðin búsvæði munu eyðileggjast og óvíst er hvort lífríki jarðarinnar nái að aðlagast þessum hröðu breytingum.



الاحتباس الحراري

Arabíska

Globalne ocieplenie

Pólska

Riscaldamento globale

Ítalska

Глобальное потепление

Rússneska

Calentamiento global

Spænska

Глобальне потепління

Úkraínska

Aquecimento global

Portúgalska

Pag-init ng daigdig

Filippseyska

Globalinis atšilimas

Lithaíska

Globālā sasišana

Lettneska


地球温暖化

Japanska

Globální oteplování

Tékkneska

GRÓÐURHÚSAÁHRIF



Gróðurhúsaáhrifum er oft ruglað saman við hnattræna hlýnun. Gróðurhúsaáhrif eru ekki neikvæð heldur eru þau afar mikilvæg. Án þeirra væri meðalhiti jarðarinnar um 30° C lægri og við manneskjurnar værum líklega ekki til! Helstu gróðurhúsalofttegundir eru koltvíóxíð, metan, hláturgas, loftkennd flúorsambönd og vatnsgufa, en þegar hiti endurkastast frá jörðinni og rekst á þessar sameindir sleppur hann ekki út fyrir lofthjúpin og úr verður til hreyfing sem hitar upp svæðið fyrir innan lofthjúpin okkar.

تأثير الاحتباس الحراري
Arabíska

Efekt cieplarniany
Pólska

Effetto serra
Ítalska

Эффект парника
Rússneska

Efecto invernadero
Spænska

Ефект парника
Úkraínska

Efeito estufa
Portúgalska

Пагkakakulob ng init ng araw
Filippseyska

Šiltnamio efektas
Lithaíska

Siltumīcas efekts
Lættneska

温室効果
Japanska

Skleníkový efekt
Tékkneska

STAÐBUNDIÐ MATVÆLAKERFI



Staðbundið matvælakkerfi tengir neytendur og framleiðendur við hvorn annan og sameiginlegt nágrenni sitt. Í því felst að framleiðsla, verkun, dreifing, neysla og förgun matvæla er mjög nánin, því allir þeir sem koma að ferlinu eru bundnir við sama stað. Oftar en ekki ýtir staðbundið matvælakkerfi undir sjálfbærni og lífræna framleiðslu. Slíkt kerfi er því umhverfinu, efnahagnum, samfélaginu og heilsunni á þeim tiltekna stað mikil búbót.

نظام غذائي محلي
Arabíska

Lokalny system żywnościowy
Pólska

Sistema alimentare locale
Ítalska

Система здорового питания
Rússneska

Producción local de alimentos
Spænska

Здоровя їжа
Úkraínska

Produção de alimentos para
consumo local
Portúgalska

Lokal na sistema ng pagkain
Filippseyska


Vietinio maisto sistema
Lithaíska

Vietējā pārtika
Letneska

ローカルフードシステム
Japanska

místní potravinový systém
Tékkneska

NÁTTÚRA



Náttúran er allt það sem við mennirnir höfum ekki skapað. Undir það falla t.d. vötn, sjór, skógar, frumskógar, mýrar, eyðimerkur, hverir, jöklar, fjöll, eldfjöll og margt fleira. Oft er líka talað um að plöntu- og dýralífið sé líka hluti náttúrunnar.

طبيعة

Arabíska

Natura

Pólska / Ítalska

Natura

Ítalska

Природа ее сущность

Rússneska

Naturalaleza

Spænska

Сутність природи

Úkraínska

Natureza

Portúgalska

Kalikasan

Filippseyska

Gamta

Lithaíska

Daba

Letneska

自然

Japanska

Příroda

Tékkneska

ÓSONLAGIÐ



Ósonlagið er lag í andrúmsloftinu sem virkar eins og sóhlíf. Það verndar lífið á jörðinni frá skaðlegum útfjólubláum geislum sólarinnar. Útfjólubláir geislar geta valdið sólbruna, en aukning þeirra hefur m.a. verið að valda hærri tíðni húðkrabbameins. Losun klórflúorkolefna frá iðnaði og annari starfsemi hefur raskað jafnvægi ósonlagsins, þá eyddist ósonlagið hraðar upp en það náði að myndast. Eftir að bann var sett við slíkum efnum hefur ósonlagið verið hægt og rólega verið að batna, við þurfum samt sem áður að passa að hugsa vel um það.

طبقة الأوزون

Arabíska

warstwa ozonowa

Pólska

Ozonosfera

Ítalska

ОЗОНОВЫЙ СЛОЙ

Rússneska

Capa de ozono

Spænska

Озоновый шар

Úkraínska

Camada de ozono

Portúgalska

Ozone layer

Filippseyska

Ozono sluoksnis

Lithaíska

Ozona slānis

Lētneska

オゾン層

Japanska

ozónová díra

Tékkneska

MENGUN



Mengun verður til þegar efni sem veldur óstöðugleika, röskun, skaða eða óþægindum fyrir vistkerfið er sleppt í ónáttúrulegu magni út í umhverfi þess. Mengun getur bæði verið í formi efna og hávaða, ljóss eða hita. Mengun stafar helst af losun plasts, áburðar, þungmálma, olíu, hreinsiefna, skólps, úrgangs og fleiri efna sem er sleppt í of miklu magni út í umhverfið.

التلوث

Arabíska

Skazenie

Pólska

Inquinamento

Ítalska

Загрязнение окружающей среды

Rússneska

Contaminación

Spænska

Забруднення навколишнього

середовища

Úkraínska

Poluição

Portúgalska

Каруміхан са каралігіран

Filippseykska

Užterštumas

Lithaíska

Piesārņojums

Lētneska

汚染

Japanska

znečištění

Tékkneska

FRÍÐUN NÁTTÚRUNNAR



Með friðun náttúrunnar er átt við banni við ágangi á hana á tilteknu svæði til að forðast eyðileggingu. Markmiðið er að tryggja rétt komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru, sem fer sífellt minnkandi á heimsvísu. Á Íslandi eru yfir 100 friðlýst svæði og má nálgast nánari upplýsingar um þau hjá Umhverfisstofnun.

الوقاية

Arabíska

Ochona

Pólska

Preservazione

Ítalska

Сохранение

Rússneska

Preservación

Spænska

Збереження

Úkraínska

Preservação

Portúgalska

Pagpapapanatili

Filippseyska

Išsaugojimas

Lithaíska

Saglabāšana

Lettneska

保存

Japanska

Zachováni

Tékkneska

ENDURNÝJANLEGAR AUÐLINDIR



Endurnýjanlegar auðlindir er hægt að nýta sér svo lengi sem þær eru ekki ofnýttar, þ.e.a.s. meira tekið af auðlindinni en hún nær að framleiða. Lífríkið er fullt af auðlindum sem við nýtum okkur meðal annars til matar eða orkuöflunar. Úr auðlindunum eru svo unnar afurðir sem við þekkjum úr okkar daglega lífi. Sem dæmi um mat sem unninn er úr endurnýjanlegum auðlindum í lífríkinu má nefna dýra- og plöntuafurðir. Sams konar auðlindir sem við nýtum okkur til að framleiða orku eru meðal annars vatn, sjór, vindur og sól.

مصادر قابلة للتجديد

Arabíska

Zasoby naturalne-odnawialne

Pólska

Risorse rinnovabili

Ítalska

Обновление ресурсов

Rússneska

Recurso renovable

Spænska

Оновлення ресурсів

Úkraínska

Recurso renovável

Portúgalska

Yamang napapalitan

Filippseyska

Atsinaujinantys ištekliai

Lithaíska

Atjaunojamie resursi

Lettneska

再生可能資源

Japanska

Obnovitelné zdroje

Tékkneska

SJÁLFBÆRNI



Sjálfbærni er hugtak sem skiptir miklu máli þegar rætt er um framtíð náttúrunnar og umhverfisins. Þegar talað er um sjálfbærni í samhengi við umhverfið og náttúruna er átt við varðveislu þessara þátta til langs tíma litið. Með sjálfbærri þróun felst óskert aðgengi komandi kynslóða að sambærilegum kjörum og okkar kynslóð þekkir. Til þess að tryggja það ber okkur að koma fram við umhverfi okkar af vinsemd og virðingu. stað mikil

المستدامة

Arabíska

Zrównowazony

Pólska

Sostenibile

Ítalska

Равновесие

Rússneska

Sostenible

Spænska

Рiвнобарa

Úkraínska

Sustentável

Portúgalska

Sustainable

Filippseyska

Tvarumas

Lithaíska

Ilgtspējīgs

Letneska

持続可能

Japanska

udržitelny

Tékkneska

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGSEFNA



Til úrgangsefna telst allt það sem kemur okkur ekki að notum lengur, t.d. rusl, og þarf að farga eða gefa nýtt hlutverk. Frá heimilum, stofnunum, landbúnaði, verksmiðjum og iðnaði skapast mikið magn úrgangs sem þarf að meðhöndla til að það hafi sem minnst áhrif á umhverfið og heilsuna okkar. Helstu markmiðin eru að minnka við, endurnýta og endurvinna úrgangsefnin. Tilgangurinn með þessu er að minnka við þann úrgang sem endar að lokum í landfyllingum og mengar umhverfið enn frekar.

إدارة النفايات

Arabíska

Gospodarowanie odpadami

Pólska

Gestione dei rifiuti

Ítalska

Система управления отходами

Rússneska

Gestión de residuos

Spænska

Відходи

Úkraínska

Gestão de resíduos

Portúgalska

Pag-aayos ng basura

Filippseyska

Atlieky tvarkymas

Lithaíska

Atkritumu apsaimniekošana

Lettneska

ゴミ処理

Japanska

nakládání s odpady

Tékkneska